



## Fundargerð

1223. fundur bæjarráðs Reykjaneshafnar, haldinn að Tjarnargötu 12  
13. júní 2019, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson, formaður, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinnsson, Anna S. Jóhannesdóttir, Díana Hilmarsdóttir, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Lóðar- og hafnarsamningur milli Reykjaneshafnar og Thorsil (2019060173)

Ásbjörn Jónsson sviðstjóri stjórnsýslusviðs og Halldór Karl Hermannson hafnarstjóri mættu á fundinn.

Bæjarráð vísar málinu til Ásbjörns Jónssonar, sviðsstjóra stjórnsýslusviðs til frekari vinnslu.

### 2. Íbúðafélag Suðurnesja – ósk um viljayfirlýsingu (2019051925)

Ásbjörn Jónsson sviðstjóri stjórnsýslusviðs og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs mættu á fundinn.

Erindinu frestað. Bæjarstjóra falið að vinna frekar í málinu.

### 3. Ósk um niðurfellingu á gatnagerðargjöldum (2019050470)

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Ásbjörn Jónsson sviðstjóri stjórnsýslusviðs mættu á fundinn og gerðu grein fyrir málinu.

Bæjarráð samþykkir að fella niður gatnagerðargjald á grundvelli 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006 með þeim fyrirvara að sveitarfélagið verði ekki fyrir neinum kostnaði vegna byggingarinnar.

### 4. Heimsókn til Kristiansand – skýrsla (2019050829)

Skýrslan lögð fram til kynningar.

### 5. Öldungaráð Reykjaneshafnar (2019051177)

Lagt fram og fulltrúa Reykjaneshafnar falið að boða til fyrsta fundar Öldungaráðs Reykjaneshafnar.

### 6. Ársskýrsla Byggðastofnunar 2018 (2019060152)

Ársskýrslan lögð fram.



**7. Fundargerð stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. nr. 504, 4. júní 2019 (2019050804)**

Fundargerðin lögð fram.

**8. Fundargerð stjórnar Reykjanes jarðvangs nr. 52. 7. júní 2019 (2019060164)**

Fundargerðin lögð fram.

**9. Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar Indie Campers Iceland ehf. um leyfi til að reka ökutækjaleigu að Brekkustíg 42 (2019050793)**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**10. Brunavarnir Suðurnesja – Hringbraut 125 (2019060175)**

Bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

**Bæjarráð samþykkir að taka eftirfarandi mál á dagskrá:**

**11. Vatnslögn vegna þjónustumiðstöðvar við Reykjanesvita (2019060015)**

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Ásbjörn Jónsson sviðstjóri stjórnsýslusviðs mættu á fundinn og gerðu grein fyrir málinu.

Bæjarráð samþykkir tillögu sem kemur frá umhverfissviði um að lögð verði vatnslögn að Reykjanesvita. Fjárhæð tekin af bókhaldslykli 31-600 að upphæð allt að kr. 6.000.000.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson  
Ásbjörn Jónsson  
Sveinbjörn Pálsson  
Anna Sigrún Jóhannsdóttir

F. B.